



Kópavogsbær
b.t. skipulagsfulltrúa
Digranesvegur 1
200 KÓPAVOGUR

Reykjavík, 27. maí 2021
Tilvísun: 2021050066/10.3

Efni: Deiliskipulag Arnarnesvegar, 3. áfangi. Skipulagslýsing - umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) vísar í bréf Kópavogsbæjar dags. 27. apríl, móttakið 5. maí 2021, þar sem óskað er eftir umsögn um skipulagslýsingu fyrir gerð nýs deiliskipulags fyrir þriðja áfanga Arnarnesvegar. Meðfylgjandi bréfinu var skipulagslýsing en umhverfisskýrsla sem vísað er til í skipulagslýsingu og sögð auglýst samhliða fylgdi ekki með né var hún aðgengileg á vefsvæði Kópavogsbæjar fyrir skipulag í auglýsingu og var það bagalegt. HER hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu vegna breytingu á áformum um gatnamót Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar í Kópavogi og Reykjavík, og gerir eftirfarandi umsögn.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar kemur fram að hljóðstig við efri hæðir húsa í Fellahverfi og á útivistarsvæði efst í Elliðaárdal reiknast við eða yfir mörkum í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, tafla I. HER telur mjög brýnt að hugað verði að því með útfærslu hljóðvarna að tryggja að hljóðstig verði lægra og ávallt undir viðmiðunarmörkum. Umtalsverð óþægindi geta verið af umferðarhávaða þó að hann sé innan marka í reglugerð og því skyldi alltaf reyna að lágmarka hann með hönnun og útfærslu umferðarmannvirkja og hljóðvarna.

Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á því að hinn nýi vegur liggur alveg við fyrirhugaðan Vetrargarð í Breiðholti sem er útivistarsvæði til ástundunar fjölbreyttra íþróttu og útiveru. Um árabíl hefur verið þar skíðabrekka en áform um Vetrargarð gefa tilefni til að ætla að notkun á svæðinu muni aukast verulega á næstu árum. Mikilvægt er að hugað verði að leiðum til að tryggja viðunandi loftgæði í Vetrargarðinum og huga þá sérstaklega að samlegðaráhrifum vegna umferðar um Arnarnesveg og Reykjanesbrautar. Vænta má þess að börn og unglingar verði meðal helstu notenda útivistarsvæðisins og þarf að hafa í huga að börn eru viðkvæmur hópur og þolir verr slæm loftgæði en fullorðnir. Skoða þarf vel hvort ástæða sé til vöktunar loftgæða við Vetrargarðinn og gerð áætlana um mótvægisáðgerðir til að bregðast við stöðu sem getur komið upp vegna lélegra loftgæða vegna t.d. útblástur bíla og svifryksmyndunar frá umferðinni.

HER bendir einnig á að framkvæmdin mun hafa varanleg áhrif á vinsæla gönguleið sem liggur niður að Elliðaáam og undir Breiðholtsbraut. Ljóst er að aukin hljóð- og loftmengun hefur áhrif á upplifun þeirra sem um svæðið fara.

Loks vill HER benda á að mannvikin verða mjög nálægt brennustæði fyrir m.a. áramótabrennur sem er neðan við Suðurfell. Væntanlega þarf að huga að því að færa brennustæðið til að gæta öryggis við framkvæmd brenna.



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi

Samrit sent:
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur